



Húseigendatrygging íbúðarhúsa

Skilmáli E-7

Húseigendatrygging íbúðarhúsa veitir vernd gagnvart ýmsum tjónum á íbúðarhúseignum öðrum en brunatjónum. Því til viðbótar inniheldur hún ábyrgðartryggingu og réttaraðstoðartryggingu.

Um váttrygginguna gilda váttryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Bótasvið tryggingarinnar er tæmandi talið í skilmála þessum. Ef váttryggingartaki eða váttryggður verður fyrir tjóni eða óhappi sem ekki telst bótaskyldt samkvæmt ákvæðum skilmálans þá nær váttryggingin ekki yfir slíkt tjón.

Skilgreiningar

Félagið: Vörður tryggingar hf.

Váttryggður: Þinglýstur eigandi húseignarinnar. Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila, svo sem rétthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum tryggingarréttindum í eigninni.

Húseign: Húseign og almennt fylgifé hennar. Við það skal miðað að húseign séu þau verðmæti sem tiltekin eru í brunabótamati húseignarinnar auk fasttengdra hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla. Girðingar, pallar, stéttir, fánastangir og önnur sambærileg verðmæti fyrir utan útveggi teljast ekki til húseignar í skilningi þessa skilmála nema þau séu hluti af brunabótamati húseignar eða um það sé sérstaklega samið og þess getið á váttryggingarskírteini.

Váttryggingarfjárhæð: Váttryggingarfjárhæð er miðuð við brunabótamat húseignar eða húseignarhluta og nemur þeirri fjárhæð sem kemur fram á váttryggingarskírteini. Í tjónstilfalli ber váttryggður eigin áhættu og er sú fjárhæð tilgreind á váttryggingaskírteini.

Efnisyfirlit:

- Vatnstjónstrygging
- Skýfalls- og asahlákuþrygging
- Frostsprunguþrygging
- Innbrotstrygging
- Sótfallstrygging
- Snjóþunguþrygging
- Fok- og óveðurstrygging
- Húsaleiguþrygging
- Brot- og hrunstrygging
- Glerþrygging
- Ábyrgðartrygging húseignenda
- Réttaraðstoðartrygging
- Almenn ákvæði

1. Kafli. Vatnstjónstrygging

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir skemmdir á vátryggðri húseign af völdum:

- vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Vátryggingin greiðir kostnað við uppbot og rask sem óhjákvæmilega fylgir því að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama en ekki verra ástandi en hún var fyrir tjónið.
- vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr hreinlætistækjum, kælikápum, frystikistum, vatnsrúmum og fiskabúrum vegna mistaka eða bilana.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin bætir ekki:

- tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skólþ- eða frárennislleiðslum eða ef skólþleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn sem berst en þó með þeirri undantekningu að slíkt er bótaskyldt ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- tjón af völdum leka úr skólþ- eða frárennislleiðslum í grunni hinnar vátryggðu húseignar, sem rekja má til missigs, eðlilegs slits eða tæringar og tjón vegna sigs á grunni húseignarinnar, s.s. vegna útskolunar á jarðvegi.
- tjón á þeim hlut er veldur tjónsatviki vegna vökvaústreymis, s.s. rör (miðstöðvar-, vatns- eða frárennislirör), ofnar eða tæki.
- tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs þrátt fyrir að það teljist vera afleiðing bótaskylds tjónsatburðar.
- tjón vegna leka sem á upptök sín utan við útveggi húss eða undir botnplötu þess.
- kostnað við uppbot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka.

3. gr. Varúðarregla

Það er skilyrði fyrir bótagreiðslu að í úpphittuðum húsum sé lokað fyrir vatnsaðstreymi og að vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum sé tæmd þegar hætta er á frosti.

2. Kafli. Skýfalls- og asahlácutrygging

4. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennislleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hlíðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku er tjónsatburðurinn átti sér stað.

5. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin bætir ekki:

- tjón vegna utanaðkomandi vatns, s.s. grunnvatns, vatns frá svölum, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennislleiðslum þeirra.
- tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skólþs- eða frárennislleiðslum eða ef skólþsleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn sem berst en þó með þeirri undantekningu að slíkt er bótaskyldt ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- vatnstjón sem Náttúruhamfaratryggingu Íslands er skyld að bæta.

6. gr. Varúðarregla

Vátryggðum er skyld, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa frá þeim aur eða klaka.

3. Kafli. Frostsprungutrygging

7. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns á vatnsleiðslukerfi innanhúss vegna frostsprungna sem verða við það að hitakerfi hússins bílar skyndilega. Afleitt tjón af völdum vatns er bætt samkvæmt 1. kafla.

8. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin bætir ekki tjón á snjóbræðslukerfum.

9. gr. Varúðarregla

Í úpphituðu húsnæði skal lokað fyrir vatnsaðstreymi, vatnslagnir ásamt viðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.

4. Kafli. Innbrotstrygging

10. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns á vátryggðri húseign af völdum innbrots eða tilraunar til innbrots. Tjón í þessu sambandi er þegar húseign er skemmd og þegar einstaka hlutar húseignarinnar eru fjarlægðir. Það telst innbrot þegar farið er í heimildarleysi inn í hús eða læst herbergi með því að brjóta upp læsingu, með stolnum lykli eða með öðrum óhefðbundnum ráðum. Það telst einnig innbrot þegar farið er inn um op sem ekki er ætlað til inngöngu. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.

11. gr. Varúðarregla

Vátryggður skal sjá til þess að vátryggðri húseign sé alltaf læst og öllum gluggum lokað.

5. Kafli. Sótfallstrygging

12. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndum kynditækjum eða eldstæðum.

13. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin bætir ekki:

- tjón af sóti eða reyk sem orðið hefur smám saman við notkun.
- tjón ef brunatrygging húseignarinnar nær yfir tjónsatvikið.

6. Kafli. Snjóþungatrygging

14. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur þak eða vegg húseignarinnar.

15. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum snjóflóða, né heldur tjón sem er afleiðing af byggingargalla eða ófullnægjandi viðhaldi.

7. Kafli. Fok- og óveðurstrygging

16. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum ofsaveðurs þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða veggi húseignarinnar eða valda tjóni á öðru því sem vátryggt er, enda hafi vindhraði þegar tjónið varð náð 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Tjón á hinu vátryggða af völdum úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins ef vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins.

Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu vátryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

17. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin bætir ekki tjón á hlutum, sem ekki falla undir brunabótamatið nema þess sé sérstaklega getið á vátryggingarskirteini.

8. Kafli. Húsaleigutrygging

18. gr. Hvað bætir tryggingin?

Hafi íbúðarhúsnæði skemmt af bótaskyldum tjónsatburði sem tilgreindur er í vátryggingu þessari og sé viðgerð svo umfangsmikil að óhjákvæmilegt reynist að flytja úr húsnæðinu, á meðan á viðgerð stendur yfir, greiðir félagið bætur sem nema meðalleigu sambærilegs húsnæðis að stærð og ástandi á þeim stað og tíma sem um er að ræða í allt að 6 mánuði frá tjónsdegi.

19. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Bætur greiðast þó ekki lengur en sem svarar eðlilegum viðgerðartíma með tilliti til skemmda. Bætur fyrir hvern mánuð takmarkast við 0,8% af brunabótamati húseignarinnar.

Bætur samkvæmt þessari grein greiðast aðeins ef önnur vátrygging tekur ekki til tjónsins.

9. Kafli. Brot- og hrunstrygging

20. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum:

- brots eða hruns á loftaklæðningum eða naglföstum innréttingum hinnar vátryggðu húseignar vegna skyndilegrar og óvæntrar bilunar.
- brots á helluborði vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atburðar eftir að því hefur verið komið fyrir á endanlegum stað í innréttingu.
- brots á fasttengdum hreinlætistækjum sem teljast hluti hinnar vátryggðu húseignar, s.s. vöskum, baðkörum, salernisskálum og vatnskössum enda hafið tjónið orðið vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atburðar.
- brots á borðplötu, eingöngu ef hún brotnar vegna óvænts, skyndilegs og utanaðkomandi atburðar eftir að borðplatan er að fullu frágengin og komin á sinn stað.

21. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin bætir ekki:

- rispur eða aðrar skemmdir sem ekki geta talist brot.
- fylgihluti sem hægt er að nota aftur, s.s. salernissetur og krana.
- skemmdir sem verða ef kvarnast eða flísast úr borðplötu.
- skemmdir sem ábyrgð seljanda eða uppsetningaraðila nær til.
- kostnað við aftengingu, uppbrot eða uppsetningu.

10. Kafli. Glertrygging

22. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón á gleri í hinni vátryggðu húseign ef það brotnar eftir að það er ísett, inngreypt eða því er á annan hátt endanlega komið fyrir á þeim stað sem því er ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað. Skreytingar og annað sem eykur verðgildi glers þarf að vátryggja sérstaklega.

23. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin bætir ekki:

- gler sem rispast eða flísast úr.
- tjón af völdum móðu á milli glerja.
- tjón af völdum þenslu, vindings eða ófullnægjandi viðhalds ramma eða lista.
- tjón sem stafar af byggingarframkvæmdum eða viðgerð utanhúss innan 10 metra frá glerinu, nema málun og venjulegu viðhaldi húseignar.
- annað afleitt tjón af völdum brots á gleri.
- tjón sem er bótaskyld úr brunatryggingu húseignarinnar.

24. gr. Ákvörðun bótaskyldu

Bætur miðast við verð á nýju gleri af sömu stærð og gæðum ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði.

11. Kafli. Ákvörðun bóta

Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem skemmdist.

Bótafjárhæðir skulu taka mið af kostnaði við viðgerð á hinni vátryggðu húseign. Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu eða greiðir kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinu vátryggða. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins vátryggða. Ef vátryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu vátryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.

Skemmist húseign það mikið að ekki er unnt að gera við hana eða það borgar sig ekki að mati félagsins, getur félagið greitt bætur í peningum sem nema andvirði brunabótamats að frádrögnum því verðmæti sem eftir stendur í húseigninni.

Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

Tjón er orsakast af leka úr leiðslum í sameign eða sameiginlegum leiðslum bætast í hlutföllum við eignarhluta vátryggingartaka í húseigninni.

Við greiðslu tjóns á gólfefni sem er eldra en 5 ára hefur félagið heimild til að draga frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram 5 ár. Þessi aldursfrádráttur getur þó aldrei orðið meiri en 70%. Komi til tjóns á gólfefnum eru aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður.

12. Kafli. Ábyrgðartrygging húseigenda

25. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðan samkvæmt íslenskum lögum sem eiganda húseignar þeirrar eða húseignarhluta er vátryggingarskírteini greinir.

Félagið getur því aðeins orðið bótaskyldt að tjónið baki váttryggðum skaðabótaábyrgð sem eiganda hússins eða sameiganda þess með öðrum, og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar húseignir og dýr) og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

Það er skilyrði skaðabótaábyrgðar samkvæmt ákvæði þessu að slys eða skemmdir verði raktar til skyndilegs og óvænts atburðar.

26. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Váttryggingin bætir ekki:

- tjón sem aðilar sem hafa sameiginlegt lögheimili, búa á sama stað eða hafa sameiginlegt heimilishald valda hver öðrum.
- tjón sem verður vegna atvinnu hins váttryggða hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða vinnu í þjónustu annarra.
- tjón á munum sem hinn váttryggði hefur til afnota til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.
- tjón á munum sem váttryggður hefur tekið ófrjálsri hendi.
- skaðabótakröfu vegna tjóns á eignum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyki, sóti eða sprengingu.
- sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- tjón sem verður sökum mengunar lofta, jarðar, vatns eða sjávar nema slíkt tjón stafi af einum, skyndilegum, ákveðnum atburði. Hið sama gildir um tjón á hlutum af völdum slíkrar mengunar.
- tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- tjón sem stafar af langvarandi raka eða leka.
- tjón vegna myglu eða sveppagróðurs.

27. gr. Váttryggingarfjárhæð

Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar takmarkast við váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins váttryggingaratburðar.

Kostnaður sem til er stofnaður með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu váttryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða.

28. gr. Váttryggingartímabil

Ábyrgðartryggingin tekur til atvika sem eiga sér stað á váttryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrir en síðar. Váttryggingin tekur því ekki til atvika sem eiga sér stað áður en váttryggingin er tekin.

29. gr. Eigin áhætta

Í hverju tjóni ber váttryggður eigin áhættu sem kemur fram á váttryggingarskírteini. Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.

30. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum váttryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef váttryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skyldt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkendi réttmæti kröfunnar.

31. gr. Viðhald húseignar

Við breytingar á áhættu vegna verklegra framkvæmda, viðhalds eða endurbóta á húseign þar sem kostnaður fer fram úr 5% af brunabótamati eignarinnar, skal váttryggingartaki gera félaginu aðvart og greiða viðbótariðgjald samkvæmt iðgjaldaskrá félagsins.

Jafnframt skal greiða viðbótariðgjald þegar vinnupallar eru notaðir við aðra viðhaldsvinnu. Misbrestur á þessu getur valdið takmörkun ábyrgðar félagsins skv. 25. gr. laga vsl.

13. Kafli. Réttaraðstoðartrygging

32. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin tekur til ágreinings í einkamálum, sem snertir vátryggðan sem eiganda hinnar vátryggðu húseignar, og kemur til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Sé um að ræða ágreining, sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi, tekur vátryggingin einungis til kostnaðar, sem til er stofnað að lokinni slíkri meðferð. Vátryggingin tekur einnig til endurupptöku, þó aðeins að endurupptaka sé heimiluð. Vátryggðum er skylt að láta reyna á að fá málskostnað greiddan frá hinu opinbera, t.d. að sækja um gjafsókn, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess.

33. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin tekur ekki til sakamála og ekki heldur til ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.

Vátryggingin tekur ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðnar:

- sem varða hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama á við um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengnisrétt.
- sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs, þar með talið mál vegna vinnuslysa.
- sem varðar ábyrgð sem vátryggður hefur gengið í.
- sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða sem stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
- sem varðar kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum vátryggða.
- sem varðar vátryggðan sem eiganda annarrar húseignar en getið er í vátryggingarskírteini.
- sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis eða annars tengivagns, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu, né annarra mála sem varða vátryggðan sem tjónþola í tengslum við skráningarskylt ökutæki.
- sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er sagnæmt.
- sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn vátryggðum þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg og mál sem snúast um gjaldþrota eða nauðasamninga þar sem vátryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.
- sem varða málarekstur gegn félaginu sjálfu.
- ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi, ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð.

34. gr. Val á málflytjanda

Það er skilyrði bótaskyldu að vátryggður hafi leitað aðstoðar lögmanns sem tekið hefur málið að sér. Vátryggður velur sjálfur lögmann meðal félaga í Lögmannafélagi Íslands.

Lögmaður getur ekki án samþykkis félagsins farið sjálfur með eigið mál.

Félagið getur gert að skilyrði fyrir greiðslu bóta að vátryggður leggi ágreining um réttmæti málflytningaþóknunar fyrir úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands skv. 26. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.

35. gr. Vátryggingarsvið réttaraðstoðarinnar – greiðsla bóta

Félagið greiðir vegna hvers tjóns, nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns og málskostnað sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Þetta þýðir m.a. að ekki eru greiddar bætur ef vátryggður gefur frá sér möguleika að heimta bætur frá mótaðila með eða án málsóknar.

Félagið greiðir:

- þóknun lögmanns og kostnað. Í slíkum tilvikum greiðir félagið málsgjaldið.
- kostnað við að afla álitserða, ef lögmaður vátryggða biður um álitserðina áður en til dóms máls kemur, eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álitserðar.
- kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómstólum eða gerðardómum.
- réttargjöld.
- málskostnað sem vátryggði er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómstóli eða gerðardómi við lok máls.
- málskostnað sem vátryggði tekur á sig í réttarsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.

Bætur eru ekki greiddar til hinna váttryggðu fyrir:

- eigin vinnu, tekjuskerðingu, ferða og dvalarkostnað og annan kostnað.
- fullnustu dóms, úrskurðar eða samkomulags.
- aukakostnað sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmennt eða skipt er um lögmann.
- greiðslur til gerðarmanna.
- aukakostnað sem stafar af því að váttryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.

36. gr. Váttryggingarfjárhæð og eigin áhætta sem gilda fyrir réttaraðstoðina

Váttryggingarfjárhæð er tiltekin á váttryggingarskírteini. Í ágreiningsmálum sem varða fjárhagslega hagsmuni geta bætur þó aldrei orðið hærrí en sem nemur fjárhæð þeirra hagsmuna sem ágreiningur lýtur að. Eigin áhætta váttryggingartaka er 20% í hverju tjóni en þó að lágmarki fjárhæð sem tiltekin er á váttryggingarskírteini.

Um eitt tjón telst vera að ræða ef hinir váttryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli. Ef váttryggður á í fleiri ágreiningsmálum, skulu slík mál talin eitt tjón, svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.

37. gr. Hvenær er hægt að óska eftir réttaraðstoð?

Hægt er að óska eftir réttaraðstoð ef váttryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Váttryggingin þarf ekki að hafa verið hjá félaginu allan tímann, ef váttryggður hefur haft samskonar váttryggingu hjá öðru félagi fær hann þá váttryggingu reiknaða sér til hagsbóta.

Ef váttryggður hefur váttryggingu þegar ágreiningur kemur upp, en ekki haft hana í tvö ár, getur hann samt sem áður fengið réttaraðstoð ef að þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni hafi gerst eftir að réttaraðstoðartryggingin tók gildi.

Ef váttryggður hefur ekki lengur neina réttaraðstoðartryggingu þegar ágreiningur kemur upp getur váttryggður þrátt fyrir það fengið réttaraðstoð frá váttryggingu þessari, ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni gerðust og ekki eru liðin 4 ár frá atburðinum eða atvikinu.

38. gr. Endurkrafa

Að svo miklu leyti sem bætur vegna váttryggingarinnar hafa verið greiddar, eignast félagið rétt hins váttryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

14. Kafli. Almenn ákvæði

39. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir eingöngu vegna húseigna á Íslandi.

40. gr. Takmarkanir eða varúðarreglur

Váttryggðum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í skilmála þessum eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. vsl.

41. gr. Vísitala

Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.

42. gr. Samsömun

Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að maki eða sambúðarmaki váttryggingartaka/váttryggðs hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. reglu b. liðar 2. mgr. 29. gr. vsl. Sé váttrygging þessi notuð í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna váttryggðs.

43. gr. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að váttryggðri húseign fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

Skilmáli þessi gildir frá 01.10.2022